

Umsögn um Frumvarp til laga um sviðslistir

Pingskjal 1261 – 800. mál

Sendandi: Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands

Reykjavík 3. maí 2019

Sviðslistadeild LHÍ vill koma á framfæri stuðningi sínum við eftirrandi tillögum Samtaka um Danshús um breytingar á sviðslistalögum.

Almennt um lagafrumvarpið

Það er fagnaðarefni að ný sviðslistalög nái yfir starfsemi Íslenska dansflokksins og staða dansflokksins þannig betur tryggð til framtíðar. Af lögum er ljóst að litið er svo á að Íslenski dansflokkurinn sé að flestu leiti sambærileg stofnun við Þjóðleikhúsið, þar sem önnur stofnunin sinnir fyrst og fremst danslist en hin leiklist. Vonandi verður þessi lagabreyting til þess að Íslenska dansflokknum verði sem fyrst búin viðunandi vinnuástaða og eru þar húsnæðismálin brýnasta úrlausnarefnið. Regluleg endurnýjun er góð fyrir menningarstofnanir og því er æskilegt að forstjórar menningarstofnana sitji ekki lengur en tvö kjörtímabil. Í 4. grein þarf að kveða skýrar á um þennan skilning.

Aukin aðkoma fagfólks að þjóðleikhúsráði og listdansráði er einnig til bóta, þó ekki sé skýrt með hvaða hætti fagfélög sviðslistafólks skulu standa að þeim tilnefningum. Mikilvægt er að fagfólk í sviðslistum sitji í þessum ráðum til að tryggja að starfið sé á faglegum forsendum. Í 17. grein frumvarps að sviðslistalögum er fjallað um sviðslistasjóð og ýmsar breytingar gerðar frá núverandi starfsemi sjóðsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að setja í einn sjóð fjárveitingar til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum. Gjörólíkar forsendur eru fyrir úthlutun til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum. Þegar atvinnufólk á í hlut er litið til faglegra gæða verkefnisins og framþróunar í sviðslistum. Við úthlutanir til áhugahópa eru önnur sjónarmið eins og að halda uppi menningarstarfsemi um land allt og möguleikar almennings til þátttöku ekki síður mikilvæg. Því er lagst gegn því að færa úthlutun til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum undir einn hatt.

Það er afar mikilvægt skref í rétta átt að í nýju sviðslistalögum eru lögð drög að stofnun Kynningarmiðstöðvar sviðslista. Mikil þörf er á slíkri miðstöð og mörg alþjóðleg tækifæri í sviðslistum tekst ekki að nýta í dag vegna skorts á stuðningi við kynningarstarf og útrás sviðslista. Vonandi verður fljótt tekin formleg ákvörðun um stofnun Kynningarmiðstöðvar sviðslista og miðstöðinni veitt aðstaða og fjármagn til að geta sinnt sínu hlutverki af reisu, sviðslistum á Íslandi til hagsbóta.

Virðingarfyllt,

Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Starfandi deildarforseti sviðslistadeildar



Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Lektor / Assistant Professor

Samtímadans / Contemporary Dance

Starfandi Deildarforseti/Acting Dean

Sviðslistadeild / Department of Performing Arts